

Fundargerð 136. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 11. september 2018, kl. 10.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð,

Inn á fund stjórnar komu Þórður Hilmarsson frá Íslandsstofu og Svanbjörn Thoroddsen frá KPMG.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Aerotropolis.*

Inn á fundinn kom Þórður Hilmarsson, sviðsstjóri erlendra fjárfestingar hjá Íslandsstofu. Framkvæmdastjóri kynnti Þórð og gaf honum orðið. Þórður upplýsti stjórn um aðkomu Íslandsstofu að Aerotropolis verkefninu frá árinu 2007 og fór yfir sýn Íslandsstofu á verkefnið.

Umræður.

Stjórn þakkaði Þórði góða yfirferð á sýn Íslandsstofu um Aerotropolis verkefnið.

3. *Minnisblað til ráðherra um Aerotropolis.*

Stjórnarformaður bauð Svanbjörn Thoroddsen frá KPMG velkominn og fól honum orðið. Svanbjörn upplýsti stjórn um þá vinnu sem KPMG hefur unnið fyrir samstarfshóp sveitarfélaga um Aerotropolis verkefnið, ásamt Kadeco og Isavia. Fór hann yfir tillögur um mögulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn þakkaði Svanbirni fyrir kynninguna og ákvað að vinna minnisblað til ráðherra með KPMG.


4. *Önnur mál.*

- a. *Álagning fasteignagjalda af nýstofnuðum lóðum við Sjónarhól og Vogshól.
Upplýsingar.*

Til upplýsinga.

- b. *Suðurbraut 890.*

Til upplýsinga.



c. *Patterson.*

Umræður um hreinsun á Patterson.

d. *Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja*

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) vinnur ótullega að hreinsun svæða í Reykjanesbæ. Ástandið í verktakahverfinu á Ásbrú sé þess eðlis að ekki verði hjá því komist að þar fari fram hreinsun. Samkomulag hefur náðst við HES um að Kadeco muni greiða fyrir þá hreinsun en HES mun beita sínum valdheimildum til að fjarlægja ökutæki og annað sem safnast hefur upp á svæðinu.

Ekkert fleira var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í október nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.

Ísak E. Kristjánsson
Steinnur Ólafsson
Hafkinn S. S. S.